

EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim Vopnafirði Vopnafjörður



Dags eftirlits	11.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Brim Vopnafirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnarbyggð 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Jörgen Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	691171,367 590414,525

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Árið 2022 mældist TVN í hráefni verksmiðjunnar sjö sinnum yfir 100 mg N/100 g.

Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður kældur eða rotvarinn til að tryggja ferskt hráefni. 2) Uppfæra þarf viðbragðsáætlun og bæta í hana verklagi varðandi útskipun á mjöli. 3) Mæla skal efnainnihald í öllu frárennsli verksmiðjunnar.

Engin eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölverksmiðju Brims á Vopnafirði. Vinnsla á síldarafskurði var í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Fiskimjölverksmiðja Brims á Vopnafirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 8. október 2014 og gildir til 8. október 2030.

Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum, sem ætlaðar eru til endurvinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil flokkun á fiski og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 1.150 tonnum af hráefni á sólarhring.“

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynningar á fylgiskjölum
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - A) Þrjú frávík komu fram í eftirliti árið 2022. Þeim var öllum lokað áður en kom að eftirliti ársins 2023.
 - B) Tvær ábendingar voru gerðar í eftirliti ársins 2022. Annars vegar var starfsleyfishafa bent á að fylgjast betur með TVN-gildum þegar þau nálgast starsleyfismörk eða eru yfir þeim og hins vegar að tryggja, eftir því sem unnt er, að ferskt hráefni berist verksmiðjunni. Ekki hefur verið brugðist við þessum ábendingum og t.a.m. mældist TVN-gildi 99,6 við löndun þann 13.5. sl. Ítrekað er að „rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn, eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni.“ Auk þess sem „halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni [...] Uppfylli hráefnið ekki kröfur sem gerðar eru til TVN gildis [...] skal rekstraraðili meta verðurfar, sérstaklega vindstyrk og stefnu og forðst vinnslu þegar vindátt er að byggð.“
 - C) Í eftirliti árið 2022 kom fram að Vopnafjarðarhöfn áformaði að setja upp vindmæli við höfnina. Uppfæra átti viðbragðsáætlun rekstraraðila að því loknu eða þegar meiri reynsla væri komin á verklag varðandi útskipun á mjöli. Enn hefur vindmælir ekki verið settur upp og er rekstraraðila því bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína miðað við núverandi verklag.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
 - A) Grænu bókhaldi var skilað þann 30.6. sl. sem er eftir að frestur til þess rann út. Rekstraraðila er bent á að tryggja að réttar upplýsingar komi fram í græna bókhaldinu.
 - B) Útstreymisbókhaldi var skilað þann 15.5. sl. sem er eftir að frestur til þess rann út. Rekstraraðila er bent á að

réttar upplýsingar komi fram í útstreymsibókhaldu.

C) TVN-mælingum hefur verið skilað í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Árið 2022 mældist TVN alls sjö sinnum yfir 100 mg N/100 g en skv. starfsleyfi skal TVN-gildi í hráefni sem tekið er til vinnslu, ekki vera yfir 100 mg N/100 g.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Smávægilegar breytingar voru gerðar á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynningar á fylgiskjölum

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

5. Önnur mál

A) Umhverfismarkmið rekstraraðila voru síðast endurskoðuð 2019 og var þeim skilað til Umhverfisstofnunar þann 15.11. það ár. Bent er á að skv. starfsleyfi skal endurskoða umhverfismarkmiðin á fjögurra ára fresti.

B) Allir lýsistankar rekstraraðila hafa verið þykktarmældir á síðustu árum. Tankar 1 og 2 voru mældir árið 2020 og tankar 3 og 4 árið 2022. Ein niðurgráfin lýsislögn er á lóðinni og var hún þrýstiprófuð árið 2020.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Æskilegt er að lagfæra hækkun sem sett var á niðurfali í efnageymslu í kjölfar eftirlits árið 2021, til að auðvelda starfsfólki vinnu sína. Oliuskilja á frárennislögn frá lekavarnarþró var skoðuð og virðist hún gegna hlutverki sínu vel. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni og frágang.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 3.3 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma árið 2023.
gr. 3.3 í starfsleyfi	Útstreymsibókhaldu var ekki skilað á tilskildum tíma árið 2023.
gr. 2.2 í starfsleyfi	TVN-gildi í hráefni sem tekið var til vinnslu árið 2022 mældist sjö sinnum yfir 100 mg N/100g.

ÁBENDINGAR


Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Rekstraraðili skal gera kröfur um að affli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn til að tryggja ferskt hráefni. TVN-gildi við löndun þann 13.5. sl. var 99,6 og í því tilviki barst ekki ferskt hráefni til verksmiðjunnar.
- 2) Uppfæra þarf viðbragðsáætlun rekstraraðila skv. gr. 4.4 í starfsleyfi og bæta í hana verklagi varðandi útskipun á mjöli.
- 3) Mæla skal efnainnihald í öllu frárennsli verksmiðjunnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.10.2023


Freyr Evarsson